

Alþingi
Erindi nr. P 128/468
komudagur 4.12.2002

Til nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2002

Frá efnahags og viðskiptanefnd Alþingis hefur Landssambandi eldri borgara borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt 324.mál.

Tvö megin efnisatriði frumvarpsins vill LEB gera athugasemdir við þ.e. breytingar skv. 2.grein þess á 8. lið 31. greinar laganna, um tveggja ára lengingu heimilda til þess að nýta fyrri rekstrartap til skattafrádráttar.

Hitt efnisatriðið er skv. 13.grein frumvarpsins um framlengingu svokallaðs sérstaks tekjuskatts, en jafnframt um lækkun álagsprósentunnar úr 7 í 5%.

Landssamband eldri borgara telur, að því er varðar þessi tvö efnisatriði um lækkun álagsprósentunnar og framlenging frestsins til að nýta fyrri töp til skattalækkunar að þar sé farið alrangt að ef lita eigi til jafnræðissjónarmiða.

Skattar á rekstraraðilum eru stórlega að lækka um þessar mundir vegna annarra skattalaga breytinga og einnig hafa skattar á lægstu tekjur sífellt verið að hækka að undanförmu vegna lækkandi hlutfalls skattleysismarka miðað við tekjur.

LEB sýnist því farið alrangt að með þessar tvær megin efnisbreytingar sem frumvarpið felur í sér.

Að öðru leyti sýnist frumvarpið fyrst of fremst snúast um tækni og framkvæmdalegar breytingar sem LEB gerið ekki athugasemdir við.

Virðingarfyllt
f.h Landssambands eldri borgara

Benedikt Davíðsson